

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, Tindaflöt 16, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 26. nóvember 2002, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, Tindaflöt 16, Akranesi.

Um er að ræða snúningsás við enda götu sem tekinn er af lóðinni nr. 16 við Tindaflöt.

Deiliskipulagsbreytingin var kynnt samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaganna nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Engar athugasemdir bárust.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Akranesi, 9. desember 2002.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.

GJALDSKRÁ

um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli, Garðabæ.

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 90.500 á hvert hús.

Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar

Taðþróargjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, samkvæmt heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. samþykkt um notkun og hreinsun taðþróa við hesthús í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ frá árinu 1998 og gildir frá 1. janúar 2003.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar, 5. desember 2002.

Guðjón Erling Friðrikson bæjarritari.